

# ÁLYKTUN UM ÁFRAMHALDANDI SAMSTARF Í ÞÁGU ÍSLENSKRA MATVÆLAFRAMLEIÐENDA

Mikil tækifæri blasa við íslenskri matvælaframleiðslu á næstu árum og áratugum. **Samtök smáframleiðenda matvæla (SSFM) / Beint frá býli (BFB)** og **Samtök iðnaðarins (SI)** hafa undanfarin ár viðhaft samstarf um sameiginleg hagsmunamál félagsmanna sinna og lýsa yfir vilja sýnum til að halda áfram þéttri samvinnu í þágu félagsmanna sinna og matvælaíðnaðar í heild sinni.

Mikilvægt er að þeir aðilar sem starfa í þágu hagsmuna íslenskrar matvælaframleiðslu vinni saman og beiti sér fyrir því að stefnumörkun stjórnvalda endurspegli þessi tækifæri og geri fyrirtækjum í matvælaframleiðslu kleift að nýta þau þjóðinni til heilla.

Aðilar eru sammála um að með því að leiða fram sameiginlega hagsmuni og byggja á samvinnu ólíkra fyrirtækja í matvælaframleiðslu á grundvelli sameiginlegra áherslna á sviði sjálfbærni, öryggis, heilnæmis og verðmætasköpunar muni takast að skapa aukin tækifæri til að styrkja stöðu innlendra matvælaframleiðslu.

Í þessu skyni lýsa aðilar sig sammála um:

- að nauðsynlegt sé að stefnumótun stjórnvalda á sviði matvælaframleiðslu taki mið af því að bæta samkeppnishæfni með stöðugu starfsumhverfi fyrirtækja og skilvirkum innviðum.
- að auka þurfi skilning stjórnvalda á þeim miklu tækifærum sem blasa við íslenskri matvælaframleiðslu á næstu árum og áratugum. Stefnumörkun stjórnvalda, á hverjum tímapunkti, verður að endurspeglar þessi tækifæri, allri virðiskeðju matvælaframleiðslunnar til hagsbóta og þjóðinni til heilla.
- að mikilvægt sé því að stórefla áherslu á stuðningsumhverfi nýsköpunar á sviði matvæla og áherslu á rannsókn- og þróunarstarf. Einungis með slíku er hægt að takast á við þær alvarlegu áskoranir og miklu tækifæri sem blasa við íslensku samfélagi er snúa að fæðu- og matvælaöryggi, sjálfbærni, aukinni verðmætasköpun og samkeppnishæfni.
- að til þess þurfi hið opinbera að stórefla fjárfestingu í menntun á sviði matvælaframleiðslu.
- að mikilvægt sé að treysta jákvæða ímynd íslenskra matvælafyrirtækja, bæði innalands og á erlendum mörkuðum.
- að íslenskir matvælaframleiðendur styðji með uppbyggilegum hætti við umfjöllun um starfsemi annarra íslenskra matvælaframleiðenda þegar það á við.
- að upplýsa hvorn annan um verkefni sem aðilar sinna sem hafa áhrif á sameiginlega hagsmuni aðila og ekki er sérstök ástæða til að viðhalda trúnaði um.
- að deila upplýsingum og talnaefni er varðar íslenskan matvælaíðnað sem ekki er sérstök ástæða til að viðhalda trúnaði um.
- að bjóða félagsmönnum hvors annars á viðburði sem varða sameiginlega hagsmuni aðila og ekki þykir sérstök ástæða til að takmarka við félagsmenn hvors félags um sig.
- að viðhafa góð og regluleg samskipti í þágu þeirra markmiða sem lýst er í þessu skjali.